

Leikskólinn Heklukot



Útskálar 1-3, 850 Hella
Sími: 488 7049/skrifstofa
Netfang: heklukot@heklukot.is
Veffang: <http://heklukot.is>

Leikur - gleði - lífsleikni



Foreldrahandbók





Efnisyfirlit

Velkomin/n til okkar	3
Grunnþættir menntunar	4
Leikurinn er okkar verkfæri til náms og þroska	
Skipurit leikskólans	5
Að byrja í leikskóla	6
Foreldrasamvinna	6
Foreldrafélag Heklukots	
Deildarnar	7
Vetrar- og sumarátlanir	
Dagskipulagið	
Hagnýtar upplýsingar	
Karellen og Sway	
Flutningur milli skólastiga, Bæjarhellan, sund og fl.	
Áherslur Heklukots	13
Heilsuleikskóli	
Grænfána leikskóli	
Snemmtæk íhlutun	
Jákvæður agi	
Sérkennsla barna	15
Ýmis góð ráð	
Lög um samþættingu í þágu farsældar barna	
Tilkynningaskylda starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda	
Viðaukar	17
Dvalarsamningurinn	
Skólaskil	
Saga leikskólans	



Velkomin/n til okkar

Kæru foreldrar / forráðamenn

Um leið og við bjóðum ykkur velkomin í leikskólann, viljum við gefa upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans og nauðsynlegt er fyrir foreldra/forráðamenn að vita.

Deildarstjóri : _____

Netfang deildar: _____

Kennarar deildarinnar: _____

Netfang skólans: heklukot@heklukot.is og heimasíða www.heklukot.is

Annað: _____

Símanúmer skólans

488 7045	Aðalnúmer Heklukots
488 7049	Leik- og aðstoðarleikskólastjóri

GSM númer deilda

899 8138	Uglukot
899 8134	Lóukot
899 8136	Spóakot
899 8145	Lundakot
899 8139	Hrafnakot

Um leikskólann

Leikskólinn Heklukot tók til starfa sem sumarleikskóli 1974 og var rekinn af kvenfélagi Oddakirkju en árið 1976 tók Rangárvallahreppur við rekstrinum og í júní 2002 tók Rangarþing Ytra við.

Heklukot er fimm deilda leikskóli í dag og er starfræktur í þremur húsum og allur hádegismatur er eldaður í eldhúsi grunnskólans og keyrður á milli húsa.

Alls er gert ráð fyrir um 85 börnum í leikskólanum. Stefnt er á að hafa deildar leikskólans árgangaskiptar.

Starfsgrundvöllur

Leikskólastarfið byggist á lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 665/2009, mat og eftirlit og upplýsingaskyldu sveitarfélaga um skólahlald, verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndar og Aðalnámskrá leikskóla 2011 svo fátt eitt sé nefnt.

Meginmarkmið með uppeldi í leikskóla er samkvæmt lögum:

- Að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra
- Að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- Að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái að notið bernsku sinnar.
- Stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra.
- Leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífeldri þróun.
- Rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegrar samskipta.

Grunnþættir menntunar

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélagi, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. Grunnþættirnir eru eftirfarandi:

Læsi

sjálfbærni,
heilbrigði og velferð
lýðræði og mannréttindi,
jafnrétti,
sköpun.

Leikurinn er okkar verkfæri til náms og þroska.

Við leggjum áherslu á leikinn í allri sinn mynd og setjum hann í öndvegi. Í leiknum felst nám, hann er kennsluáferð og í senn námsleið barsins. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins í leikskólanum. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins. Reynsla barnsins tekur oftast á sig form leiksins. Í frjálsum leik eru mikilvægir uppeldiskostir sem geta eflt alhliða þroska barnanna, þ.e.líkams- tilfinninga-, félags-, vitsmuna-, siðgæðis- og fagurþroska. Leikurinn er líf barnsins og starf. Segja má að bernska sé það að leika sér saman og læra að afla sér þekkingar. Fjölpætt reynsla elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og nýja færni.





Skipurit leikskólans

Mennta- og barnamálaráðuneytið.
Setur lög og reglugerðir um stafsemi leikskólans.

Rangárþing Ytra og Ásahreppur reka Byggðasamlagið Odda sem sér um rekstur leik- og grunnskóla sveitarfélagsins.

Skólastjóri er yfirmaður leikskólans og ber ábyrgð á uppeldisstarfi og rekstri leikskólans.

Aðstoðarskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra að honum fjarverandi og er honum til ráðuneytis um tillöggun innan leikskólans. Aðstoðarleikskólastjóri er einnig tengiliður farsældar barna og vinnur í einnig náði með sérkennslustjóra.

Sérkennslustjóri, starfar við sérkennslu og ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd sérkennslu innan allra deilda.

Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og barnahópnum á sinni deild. Hann ber einnig ábyrgð á foreldrasamstarfi á deildinni.

Stuðningafulltrúi/
kennari
/þroskaþjálfari starfa á deildum vegna sérkennslu barna.

Samvinna er með sérfræðingum á vegum Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Skaftafellssýslna og Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins.

Leikskólakennarar/leikskólaliðar, leiðbeinendur og háskólamenntaðir starfsmenn vinna í samráði við deildarstjóra að uppeldisstarfi á deildinni.

Matráður og starfsfólk í eldhúsi sér um innkaup á morgunmat og nónhressingu barna, sem og frágang, uppvask og þvott.

Foreldraráð leikskólans sér um að leikskólinn vinni eftir lögum og reglugerðum og fer yfir skóladagatal skólans, sem og ársskýrslu.
Foreldrafélag skólans sér um vorhátíð skólans og aðstoðar sveinka með jólagjafirnar.

Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu og þær upplýsingar sem starfsmaður fær um barnið eru trúnaðarmál.
Þagnarskyldan helst þó að starfsmaður leikskólans hætti störfum.



Að byrja í leikskóla

Að byrja í leikskóla er mikil breyting í lífi hvers barns. Mikilvægt er að gefa barninu góðan tíma meðan það er að aðlagast leikskólanum. Sömuleiðis er mikilvægt að góð samvinna takist milli foreldra og starfsfólks því aðlögun er ekki síður mikilvæg fyrir foreldra, þar sem þeir þurfa að kynna kennurum leikskólans og því starfi sem er unnið þar.

Á Heklukoti notum við **þátttökuaðlögun** en hún fer þannig fram að foreldri og barn eru í leikskólanum fyrsta daginn frá kl. 9:00-10:30, annan daginn frá kl. 9:00 - 15:00 og svo þriðja daginn frá kl. 8:00 -15:00. Foreldrarnir eiga að taka þátt í öllum verkefnum barnsins undir leiðsögn kennaranna þessa daga. Þeir sjá að auki um að sinna þörfum þeirra; gefa þeim að borða, skipta um bleyjur og leika með þeim. Hlutverk kennaranna er að leiðbeina foreldrum og börnum, leggja þeim til verkefni og skrá hjá sér ýmis atriði í samskiptum foreldra og barna, atriði sem þeir svo tileinka sér í samskiptum sínum við viðkomandi barn. Á fjórða degi kveðja börnin foreldra sína og eru svo í leikskólanum allan daginn.

Hugmyndafræðin sem þessi tegund aðlögunar byggir á er sú að börnin smitist af tilfinningum foreldranna sem upplifa skólann á nýjan hátt og fá að reyna á eigin skinni hvernig skóli barnanna er. Gengið er út frá því að upplifunin auki forvitni foreldranna og spennu. Kynni þeirra af dagskipulaginu, starfsfólkinu, hinum börnunum og foreldrum þeirra auki áhugann á velferð skólans og að þau verði fremur tilbúin til þess að taka þátt í starfi á vegum skólans vegna þessara nýstofnuðu kynna.

Aðlögun milli deilda fer fram innan leikskólans og sjá kennarar leikskólans um þá aðlögun.

Foreldrasamvinna

Grunnur að góðu samstarfi við foreldra er lagður strax á aðlögunartímanum, enda er gott foreldrasamstarf stór þáttur hvað varðar líðan barnsins í leikskólanum. Ræða þarf strax þegar barn byrjar í leikskóla um hagi þess, því gagnkvæmar upplýsingar um barnið eru nauðsynlegar. Eins eru foreldrar hvattir til að ræða við starfsfólk ef einhverjar breytingar verða á högum barnsins eða líðan þess í leikskólanum.

Foreldrafélag og foreldraráð

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Um leið og barn byrjar í leikskólanum verða foreldrar þess meðlimir í félaginu. Stjórn foreldrafélagsins er skipuð 5 foreldrum og 2 varamönnum. Foreldrafélagið hefur m.a. styrkt leikskólann til leikfangakaupa og staðið fyrir allskyns skemmtilegum upptækum í gegnum tíðina. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn að hausti ár hvert en á þeim fundi er kosið í foreldraráð og stjórn foreldrafélagsins. Inni á heimasíðu leikskólans www.heklukot.is er hægt að sjá þá sem sitja í foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins hverju sinni.

Foreldrafundur / foreldraviðtöl

Foreldrafundur er haldinn á haustin og þá er starfið framundan kynnt fyrir foreldrum. Foreldraviðtöl eru á haustönn og vorönn og oftast ef ástæða er til. Fyrir foreldraviðtöl fylla kennarar inn í Heilsubók barnsins sem nær yfir ýmsa færniþætti, t.d. hreyfingu, sjálfshjálp, lífsleikni, myndlist, næringu o.s.frv. Einnig er fylltur út TRAS hringur fyrir hvert barn, þar sem mál- og félagsþroskinn er skoðaður. Elsti árgangurinn fer í Hljóm-2 könnun sem segir til um hljóðkerfisvitund.

Dvalargjöld og uppsagnir

Dvalargjöld eru innheimt 1. virka dag hvers mánaðar. Greitt er fyrirfram og er eindagi 16. hvers mánaðar. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga leggjast á dráttavextir. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur og breyting á vistunartíma er 1. mánuður og miðast við 1. hvers mánaðar. Segja þarf upp eða breyta skriflega hjá leikskólastjóra.

Vistunartími

Barn sem er í vistun á leikskóla hefur ákveðinn vistunartíma sem foreldrar greiða fyrir, frá 4 klst. -8 klst. og ber foreldrum að **virða umsaminn vistunartíma**. Við biðjum foreldra að virða þennan vistunartíma því fjöldi kennara fer eftir viðveru barna á hverjum tíma. Komi foreldri með barnið fyrir umsaminn vistunartíma eða sækir barnið eftir umsaminn vistunartíma, hefur leikskólinn rétt til að innheimta sérstakt gjald fyrir það. Hægt er að skoða gjaldskrá á heimasíðu leikskólans og sveitarfélagsins.

Veikindi og fjarvera

Foreldrar eru beðnir um að tilkynna um allar breytingar á viðveru barnsins t.d. veikindi eða frí. Hægt er að tilkynna í gegnum Karellen, hringja í leikskólann eða senda skilaboð í deildarsímann, sjá símanúmer á bls. 3 Í leikskólanum er ekki aðstaða til að sinna sjúkum börnum. Veikist barn þannig að það fái hita, þarf það að dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í 1 sólahring. Fáir barn smitandi sjúkdóm verður það að dvelja heima þar til smithætta er liðin hjá. Þetta er nauðsynleg ráðstöfun til að forðast útbreiðslu sjúkdóma í leikskólanum og sjálfsgöð tillitsemi gagnvart öðrum börnum og kennurum deildarinnar. Eftir veikindi er hægt að bjóða barni að fara síðast út og fyrst inn.

Vetrar- og sumaráætlanir leikskólans

Leikskólinn er með vetrar- og sumaráætlanir.

Vetraráætlunin byrjar 1. september og nær til loka aprílmánaðar og þá tekur sumaráætlunin við. Starfið innan leikskólans er mun skipulagðara á veturna en á vorin/sumrin. Á vorin er farið meira út og í allskyns leiki og farið í vettvangsheimsóknir. Hver mánuður hefur sitt þema sem verkfæri til þekkingaröflunar:

- í september ræðum við um vináttuna
- í október og nóvember er læsi þemað og áhersla er á sögur og ævintýri
- í desember eru jól og hefðir þemað
- í janúar er þemað ljós og skuggi
- í febrúar og mars er þemað líkaminn minn og heilbrigði
- í apríl og maí er þemað umhverfið okkar, gróður og ræktun



Uppákomudagar eru á föstudögum með ýmsum litadögum, dekri og balli. Einnig er samsöngur í sal á föstudagsmorgnum með 3 elstu deildunum. Við höldum upp á hefðbundna tyllidaga, til dæmis bolludag, öskudag, feðra- og mæðradag, erum með þorralblót og jólagleði. Við bjóðum foreldrum uppá kaffi og með því 2 á ári. Leikskóladaatalið er frammi á hverri deild. Við setjum líka viðburði á heimasíðu leikskólans, sem og á fésbókarsíðu leikskólans

Starfsdagar



Starfsdagar eru fimm á ári og einn haustþingsdagur. Þessa daga notar starfsfólk til að undirbúa og skipuleggja uppeldisstarfið og afla sér nýrrar þekkingar. Þessa daga er leikskólinn lokaður og eru þeir auglýstir með a.m.k. 4 vikna fyrirvara. Starfsdaga hvers skólaárs er hægt að sjá á heimasíðu leikskólans.

Sumarlokun

Undarfarin sumur hefur leikskólinn verið lokaður í fimm vikur. Júlígjaldið er fellt niður óháð hvenær barnið tekur sumarleyfi og í boði er að taka 6 vikna sumarleyfi gjaldfrjálst.

Sumarlokun er auglýst með góðum fyrirvara, eins er hana að finna á skólalagatali leikskólans.

Útbúnaður

Það er að mörgu að huga þegar byrjað er með barn á leikskóla. Fatnaður þarf að vera þægilegur fyrir barnið og verður að henta vel í leik og starf. Klæðið barnið eftir veðri hverju sinni. Þar sem veður breytist oft á stuttum tíma er nauðsynlegt að hafa nóg af fatnaði með, bæði til inni- og útiveru. Skiptiföt eru geymd í plastkassa upp á hillu í leikskólanum, merktum hverju barni fyrir sig, en það er mikilvægt að fylla á hann ef eitthvað er notað úr honum. Það þarf að koma með útifatnað á mánudögum og hengja á snaga og setja í hólfin og taka svo með heim aftur á föstudögum. Það er kjörið að þvo útiföt og vettlinga um helgar vegna þess að leikur og starf með fjölbreyttan efnivið er í gangi í útivistinni og stundum verðum við óhrein.

Allan fatnað og skó þarf að merkja vel. Merkipennar sem þola þvott eða miðar frá www.rogn.is eru góðir til að merkja. Foreldrar eru beðnir um að líta reglulega á óskilamuni og athuga hvort eitthvað sé þar sem barnið á og eins er gott að kíkja í þurrskáp deildarinnar. Leikskólinn ber ekki ábyrgð á fatnaði barnsins.

Treflar, snúrur í fötum og vettlingar í bandi geta valdið slysum og eru ekki æskilegir í fatnaði barna í leikskólanum.

Leikskólinn er vinnustaður barnanna. Þess vegna er mikilvægt að þau séu í „vinnufötum“ þ.e.a.s. fötum sem þola vinnu með lím, liti, málningu eða útivinnu.

Karfan, inniföt	Vetur	Sumar
Buxur, peysa, bolur 2 x sokkabuxur 2 x samfellur eða nærföt 2 x sokkar	Kuldagalli, regnalli. Hlý peysa flís eða ull. Lambhúshetta eða húfa og kragi, 2 x vettlingar, ullarsokkar, stígvél, kuldastígvél eða -skór	Regngalli, úlpa, hlý peysa, húfa eða buff, vettlingar, stígvél og strigskór.

Vinsamlega tæmið hólfið barnanna í vikulok til að auðvelda þrif.



Deildirnar

Á Heklukoti eru fimm deildir og reynt er að hafa þær árgangaskiptar sé það hægt.

Uglukot, Lóukot og Spóakot eru í bláa húsinu, Lundakot í því hvíta og Hrafnakot í því gula.

Hver deild er með sína deildarnámskrá sem er kynnt foreldrum á hverju hausti.

Við minnum foreldra á að koma upplýsingum til kennara sem skipta máli fyrir barnið í daglegum samskiptum. Mikilvægt er að lesa skilaboð og tilkynningar sem eru á töflum deilda, fésbókarsíðu og í tölvupósti. Einnig minnum við á heimasíðu leikskólans www.heklukot.is.

Foreldrar eru alltaf velkomnir að koma í leikskólann að ræða við okkur og / eða fylgjast með starfi barna sinna !

Að heilsa og kveðja

Þegar komið er með barn í leikskólann er ætlast til að því sé fylgt inn á deildina og kennararnir látnir vita. Þetta á einnig við þegar barn er sótt, þetta skapar öryggi fyrir barnið, kennara og foreldra. Vinsamlegast látið starfsfólk vita ef einhver ókunnugur sækir barnið.

Ekki er leyfilegt að láta börn yngri en 10 ára sækja barn í leikskólann.

Dagskipulagið

Dagskipulagið myndar ramma um uppeldisstarfið í leikskólanum. Það heldur starfi leikskólans í hæfilega föstum skorðum, og skapar öryggi og festu sem eykur vellíðan barna og kennara. Börnin vita að hverju þau ganga á degi hverjum og kemur dagskipulagið í veg fyrir óþarfa biðtíma og árekstra í samskiptum.

Í dagskipulaginu okkar höfum við áætlað rúman tíma í flesta liði, þannig að börnin séu ekki undir þeirri pressu að geta ekki klárað leikinn sinn eða önnur verkefni. Dagskipulagið er viðmið sem við vinnum út frá. Í leikskólastarfinu geta tímasetningar riðlast vegna ólíkra verkefna en barnið og þarfir þess eru ávallt í brennidepli.

Grunntími leikskólans er frá 9:00-14:00 á þeim tíma fer allt skipulagt starf fram samkvæmt skólanámskrá leikskólans.

Mismundandi útfærsla er á dagskipulagi milli deilda en svona lítur grunn dagskipulagið út:

7:45	Opnun deilda, einn starfsmaður á hverri deild – börn með skráða vistun frá 7:45
8:15	Morgunmatur
9:00	Samverustund á eldri deildum
9:10	Hópastarf
9:50-10:00	Ávaxtastund
10:00	Útivera eða valtimi
11:15 / 11:30	Hádegismatur, yngstu börnin byrja fyrst að borða
12:00	Hvíld hjá yngri börnunum, lestur, hlustun og röleg stund hjá eldri börnum
12:30	Hópastarf, val, frjáls leikur og útivera
14:15 / 14:30	Nónhressing, yngstu börnin byrja fyrst að borða
14:50	Samverustund
15:00	Útivera, frjáls leikur
16:15	Lokun deilda, einn starfsmaður á hverri deild – börn með skráða vistun til 16:15

Máltíðir

Við fáum hádegismatinn sendan frá eldhúsi grunnskólans á Helli þar sem lögð er áhersla á hollan og góðan mat. Boðið er upp á morgunmat en hægt er að óska eftir að sleppa honum ef barnið borðar alltaf morgunmat áður en það fer að heiman. Allar breytingar þurfa að tilkynnast með mánaðar fyrirvara. Það er ekki í boði að sleppa hádegismat eða nónhressingu. Börnin fá lýsi með morgunmat nema foreldrar taki annað fram. Morgunmat og nónhressing eru máltíðir sem hafðar eru til í eldhúsum leikskólans. Lögð er áhersla á fjölbreytt úrval og gætt að hollustu þess sem boðið er upp á.

Ofnæmi – óþol

Vinsamlegast látið deildarstjóra vita strax ef barn hefur ofnæmi eða óþol fyrir einhverjum fæðutegundum og nauðsynlegt er að læknisvottorð þess efnis fylgi. Endurnýja þarf vottorðið árlega. Þar sem það eru börn á leikskólanum með bráðaofnæmi og óþol fyrir ýmsum fæðutegundum, dýrahárum og fleiru þurfum við öll að taka tillit til þeirra.

Gæta skal sérstaklega að því að börn komi ekki með mat með sér í leikskólann vegna nemenda sem eru með bráðaofnæmi fyrir ýmsum matartegundum!!

Hópatímar

Í hópatímum barnanna eru íþróttir, málörvun s.s. Lubbi eða leikur að læra, útikennsla, ýmsar listgreinar eru í boði sem og stærðfræði. Elstu börnin okkar fara líka í sund og fer kennslan fram á haustin og á vorin, veðrið stýrir því aðeins.

Útivera

Útivera er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi leikskólans, þar sem grófhreyfingum og frjálsum leik er gert hátt undir höfði. Útivera er holl öllum börnum. Íslenskt veðurfar getur verið umhleyppingasamt og rysjótt. En við því er ekkert að gera. Með góðri útveru erum við líka að byggja upp ónæmiskerfi barnanna. Yfir háveturinn er útiveran einu sinni á dag nema að frostið sé mikið en þegar veðrið verður hlýrra er gert ráð fyrir útiveru allt að tvisvar sinnum á dag.



Útikennsla

Útikennsla er skilgreind sem hluti af hreyfingu í heilsuleikskólum. Það að hreyfa sig, vera til og upplifa fjölbreytileikann í umhverfinu er svo dásamlegt og örvasandi - að klifra í klettum og trjám, hlaupa um í grasi, sandi, mól og hæðóttu undirlagi, sjá árstíðabrigðin í náttúrunni, læra heiti trjáa, blóma, fugla og skordýra. Börn njóta sín oft betur undir berum himni. Viðfangsefnið eru oftast náttúran, nærumhverfið og samfélagið okkar, sem síðan tvinnast saman við samskipti, frjálsan leik, málörvun og margt fleira! Börnin fara út fyrir leikskólalóðina með kennurum sínum, fylgja fyrirmælum og halda hópinn.

Yfir sumarið er farið oftar út fyrir leikskólalóðina enda býður umhverfið upp á margt skemmtilegt.

Karellen

Karellen appið er fyrir aðstandendur, aðgangur fæst með staðfestingu á netfangi.

- Skrá fjarveru barnsins í einn eða fleiri daga
- Tilkynningar sem skólinn sendir á eina eða fleiri deildir
- Daglegar athafnir veita góða innsýn í líðan og atferli barnsins á skólatím
- Skilaboð til starfsfólks býður upp á bein samskipti við kennara barnsins með skilaboðum í appinu
- Mæting sýnir viðveru barnsins í hverjum mánuði
- Dagatalið sýnir alla viðburði skólans
- Matseðill sýnir máltíðir vikunnar



Sway – fréttabréf deildanna

Sway er forrit sem við notum til að senda myndir og myndbönd af starfinu og smá fréttir til foreldra viðkomandi deilda/barna. Við viljum biðja foreldra um að deila ekki myndum ef fleiri en þeirra barn er á myndinni. Við verðum að taka tillit til annara foreldra og starfsfólks deildarinnar.

Fésbókarsíða leikskólans

Fésbókarsíðan „leikskólinn Heklukot“ er eingöngu fyrir foreldra og starfsfólk leikskólans, aðrir fá ekki aðgang að henni. Við notum síðuna til að koma ýmiskonar tilkynningum og ábendingum til foreldra en engar myndir af starfinu eða börnunum eru leyfðar.

Samstarf leik- og grunnskóla

Elsti árgangur leikskólans fer í reglulegar, skipulagðar heimsóknir yfir í grunnskólann á Helli. Við viljum tengja skólastigin saman, skapa samfellu í námi og kennslu barna/nemenda á þessum tveimur skólastigum. Við viljum byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á báðum skólastigum, stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla og að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga, sjá viðauka um skil milli leik- og grunnskóla.

Upplýsingar sem fara á milli leik- og grunnskóla eru á svokölluðu „skólaskilablaði,“. Sjá viðauka.

Útskrift og útskriftarferð.

Áður en elstu börnin hætta í leikskólanum sínum að vori halda þau veislu og bjóða foreldrum sínum og starfsfólki. Nemendur útbúa góðgæti í samvinnu við kennara og æfa söngatriði til að flytja á útskriftinni. Hvert barn sem útskrifast fær afhent útskriftarskjal og mynd. Í gegnum árin hafa elstu börnin fengið trjáplöntu að gjöf frá Landgræðslunni sem er mjög í anda grænfánavinnunnar sem börnin þekkja vel eftir leikskólagöngu sína. Einnig er farið í útskriftarferð og undanfarin ár hefur verið farið í dagsferð til Vestmannaeyja. Þessi ferð gerir langoftast stormandi lukku hjá útskriftarhópnum og hefur gengið mjög vel.



Afmæli

Haldið er upp á afmæli nemenda. Afmælisbarnið, ásamt starfsmanni sér til aðstoðar, sér um að útbúa veislu sem inniheldur ferska ávexti og grænmeti. Það útbýr kórónu í tilefni dagsins og auðvitað er sunginn afmælissöngur. Einnig fer nemandi út í garð með starfsmanni deildarinnar og dregur fána að húni. Vinsamlega setjið ekki boðskort í hólf barnanna í leikskólanum þegar verið er að bjóða í afmæli heim nema að öllum á deildinni sé boðið.

Krem

Sólarvörn og kuldakrem er alltaf best að bera á barnið kvöldinu áður eða fyrir leikskólann, þannig er besta virknin á kreminu

Lyf

Kennarar leikskólans mega ekki gefa börnunum lyf. Ef barn þarf á lyfjum að halda ber að haga lyfjagjöfni þannig að lyfin séu gefin heima en ekki í leikskólanum. Undantekning er gerð þegar þarf að taka lyf að staðaldri eða þegar um asmalyf er að ræða.

Óhöpp eða slys.

Veikist eða slasist barnið í leikskólanum höfum við tafarlaust samband við foreldra og bregðumst við hverju tilfelli eftir bestu vitund. Hlúð er að barninu þar til foreldrar sækja það. Öll slys eru skráð á sérstöku slysaskráningarblaði og með því viljum við fylgjast með hvort einhverjar slysagildur leynist í leikskólanum sem við höfum ekki komið auga á.

Mengunarhætta

Vegna mengunarhættu eru foreldrar beðnir um að drepa á bílunum þegar þeir koma með og/eða sækja börnin. Einnig viljum við minna foreldra á notkun bílbelta og bílstóla. Börn á leikskólaaldri hafa ekki aldur til að sitja í framsætum bifreiða - líknarbelgir geta valdið þeim miklum skaða.



Skólanámskrá leikskólans er að finna á heimasíðu leikskólans heklukot.is

Skólastefnu Odda bs. er að finna á heimasíðu Rangárþings Ytra ry.is

Áherslur Heklukots

Heilsuleiksskóli – höfundur er Unnur Stefánsdóttir, leikskólakennari.

Markmið heilsuleiksskóla er að stuðla að heilsueflingu í leikskólasamfélaginu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Í heilsuleiksskóla er heilsuefling höfð að leiðarljósi í einu og öllu. Markmiðið er að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífstíl þeirra til framtíðar.

Hvert og eitt barn fær sína heilsubók og er farið yfir hana í foreldraviðtölum, 2 x á ári. Farið er yfir hreyfiþroska barnsins, næringu og sjálfshjálp, hæð og þyngd, almenna líðan, listsköpun og þekkingu.

Íþróttir

Öll börn í leikskólanum fara reglulega í íþróttahúsið, eða 1 x í viku, með íþróttakennara leikskólans og einnig starfsmönnum deildarinnar. Þar sem Heklukot er heilsuleiksskóli er áhersla lögð á að öll börnin fari í hreyfileiki, fari í fjölbreyttar þrautabrautir og verði örugg í íþróttahúsinu. Farið er oftast í íþróttahúsið ef tækifæri gefst, t.d. ef grunnskólinn er í fríi. Íþróttakennari gerir einnig skráningu á hreyfiþroska 4-6 ára barnanna og notar til þess hreyfiþroskapróf sem heitir MOT. Þar er t.d. skoðað jafnvægi, samhæfing og viðbragð.

Grænfána leiksskóli – Umhverfismennt

Heklukot fékk sinn fyrsta Grænfána 12. maí 2012. Það þýðir að við hugum vel að umhverfinu, endurvinnslu og heilbrigðum lífsháttum.

Markmið leiksskólans er að börn og kennarar fái notið náttúrunnar, upplifa hana af eigin raun, læra að njóta hennar sér til gleði og aukins þroska. Umhverfismenntun er samofin endurvinnslu og umhyggju fyrir umhverfi okkar sem m.a. felst í flokkun og endurnýtingu.

- Að njóta náttúrunnar í leik og kennslu.
- Að ganga um náttúru okkar af virðingu
- Að flokka úrgang og pappír (endurnýta í jólagjafir og annað)
- Að nota umhverfisvænar hreinlætisvörur
- Að safna lífrænum úrgangi (moltu)
- Að rækta grænmeti og plöntur í garðinum
- Að spara raforku og vatn eins og kostur er.



Verkefnastjórinn okkar við grænfánavinnuna er Hrafnhildur Andrésdóttir. Leikskólinn stefnir að sjöunda grænfánanum vorið 2024.

Snemmtæk iðlutun

Á Heklukoti var unnið þróunarverkefni yfir tveggja ára tímabil eða frá 2019-2021 og tekur það til snemmtækra iðlutunar, verkefnið er hægt að lesa á heimasíðu leikskólans.

Markmið verkefnisins eru:

- Að öll börn í leikskólunum nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal og boðskipti fyrir upphaf grunnskólagöngu.
- Að leikskólabörn fái iðlutun og kennslu við hæfi og að kennsla í grunnskólum byggji á niðurstöðum og áherslum í kennslu frá leikskólum.



- Að leikskólar taki leiðandi hlutverk í valdeflingu starfsfólks til að beita aðferðum snemmtækra iðlutunar í daglegu starfi til að efla málfærni og læsi

Snemmtæk iðlutun felur í sér að grannt er fylgst með framvindu almenns þroska barnanna og gripið til iðlutunar sé þess þörf. Til þess að fylgjast vel með notum við:

- Orðaskil sem er listi þar sem foreldrar 2,5 ára barna, fyllt út eftir orðaforða barnanna.
- TRAS sem er skráningarlisti sem metur málþroska, fyllt út tvisvar á ári.
- MOT fyllt út af íþróttakennara leikskólans þar sem hreyfiþroski er skoðaður.
- Heilsubók barnsins einnig fyllt út tvisvar á ári og hún tekur til almenns þroska barnsins.
- Hljóm 2 sem er lagt fyrir elsta árgang leikskólans og athugar stöðu hljóðkerfisvitundar.

Þegar grípa þarf til iðlutunar er einnig notast við Íslenska þroskalistann og Smábarnalistann sem foreldrar fylla út.

Þetta er það sem við gerum

Í Heklukoti notum við **Tákn með tali** eins mikið og kostur er. Áhersla er lögð á að nota Tákn með tali sérstaklega með þeim börnum sem tjá sig lítið eða ekkert með orðum. Einnig eru Mimi bækurnar lesnar fyrir börnin á yngstu deildunum og lagt upp með að bæta táknum í bækur, á spil, kennslufni og eru tákn sýnileg í ýmsum rýmum leikskólans eins og í fataklefa, við klósettið og við matarborðin.



Lubbi finnur málbein

Lubbi finnur málbein er íslenskt efni sem hjálpar börnum, tveggja til sjö ára, að læra íslensku málljóðin. Lubbi er íslenskur fjárhundur í lopapeysu sem ferðast um landið í leit að hundabeinum með íslensku stöfunum á. Í Heklukoti notum við Lubba málörvunarefnið í hópastarfi inni og úti og í samverustundum. Með hjálp Lubba læra börnin málljóðin, táknið þeirra og hvernig þau eru borin fram. Einnig eru Lubbalögin sungin bæði í samverustundum og hópastarfi. Að auki hefur starfsfólk og kennarar Heklukots búið til hina sívinsælu Lubbapoka þar sem hver poki inniheldur hluti sem eiga ákveðið málljóð og bókstaf og er unnið fjölbreytt starf með þessa poka.



Leikur að læra

Leikur að læra er kennsluáferð þar sem börnum á aldrinum tveggja til tíu ára eru kennd öll bókleg fög í gegnum leiki, hreyfingu og skynjun á skipulagðan, líflegan og árangursríkan hátt!

Leikur að læra er hugsað út frá þörfum barna til að leika og hreyfa sig og upplifa námsefnið í gegnum mismunandi kynfæri. Með því að nota kennsluáferðina eykst úthald og einbeiting ungra nemenda. Auðvelt er að aðlaga kennsluna að ólíkum þörfum einstaklinga með líkamlega, andlega og félagslega vellíðan barna að leiðarljósi.



Vináttuverkefni Barnaheilla, Blær

Vináttu er hugmyndafræði sem byggist á rannsóknum á einelti og er forvarnarverkefni gegn því. Bangsinn Blær er notaður til þess að hjálpa til við að miðla fræðunum áfram til barnanna á skiljanlegan hátt. Í Heklukoti fær hvert og eitt barn **bangsann Blæ** og fylgir hann þeim yfir í grunnskólann. Unnið er með bangsann í samverustundum og hvíld. Klípusögur eru notaðar til að efla góð samskipti og samkennd milli barnanna. Klípusögur eru litlar dæmisögur úr daglegu lífi barnanna þar sem kemur upp ágreiningur eða einhvers konar vandi. Þau þurfa að setja sig í spor annarra og leysa vandann eða ágreininginn með aðstoð kennara.





Jákvæður agi

Aðferðir Jákvæðs aga byggjast á:

Að sýna alltaf væntumþykju og virðingu. Leitast þannig við að tengjast börnunum til að betur gangi að leiðrétta hegðun þegar þess þarf.

Að sýna góðvild og festu á sama tíma.

Að sjá mistök sem frábær tækifæri til náms.

Að aðstoða börnin við að kanna valkosti og afleiðingar (með opnum spurningum) í stað þess að setja upp afleiðingar (oft dulbúnar refsingar) til að láta þau gjalda fyrir mistök sín.

Að einbeita sér að lausnum og hafa börnin með í ráðum. Þannig eru þau viljugri til að fylgja þeim reglum sem settar eru eða leiðum sem eru markaðar og óðlast mikilvæga færni í leiðinni. Þau geta róað sig niður og látið sér líða betur þegar þörf er á.

Að skyggjast inn í heim barnsins. Að skilja að barn sem hegðar sér illa, er óöruggt og kann ekki réttar leiðir til að ná markmiðum sínum.

Ef áhyggjur vakna....

Ef þið hafið áhyggjur af málþroska barnsins skuluð þið ekki bíða og sjá til, treystið eigin sannfæringu og leitið til fagaðila leikskólans eða talmeiafræðings og biðjið um málþroskamát. Foreldrar þekkjja börnin sín best!

Það er mikilvægt að huga sérstaklega vel að þeim börnum sem eiga fjölskyldusögu um lestrarefiðleika, athyglisbrest eða málhömlun. Rannsóknir sýna að slík vandamál geta erfst og því fyrir sem börnin finnast því auðveldara er að vinna í anda snemmtækra íhlutunar.

Sérkennsla barna

Sérkennsla á Heklukoti byggir á traustum fræðilegum grunni snemmtækra íhlutunar, þar sem leitast er við að vinna skipulega, vanda vinnubrögð bæði í kennslu og samskiptum við foreldra, samstarfsfólk og aðra fagaðila. Barnið er því í brennidepli og leitast er við að mæta því á þeim stað sem það er.

Ábendingar

- Munið að fara með barnið ykkar í 2ja og hálfis árs skoðun hjá Heilsugæslustöðinni og fáíð nákvæmar upplýsingar hvernig barnið ykkar kemur út úr þroskamatinu Brigance sem lagt er fyrir í skoðuninni.
- Farið með barnið í heyrnamælingu ef það hefur verið með miklar eyrnabólgur, vökva í eyrum eða ef grunur vaknar um að það heyri illa.

Sérfræðiþjónusta

Skólaþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu þjónustar leikskólann. Þar starfa talmeinafræðingur, sálfræðingur og leikskólaráðgjafi. Einnig er starfað með Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins, félagsþjónustunni, heilsugæslunni og hverjum þeim stofnunum sem koma að börnunum hverju sinni. Þeir veita ráðgjöf til foreldra, kennara og annars starfsfólks skóla. Þeir sinna auk þess eftirfylgd með nemendum í kjölfar greininga og sitja í teymum vegna barna með fatlanir, námserfiðleika og aðrar sérþarfir. Skólaþjónustan kemur að endurmenntun og fræðslu fyrir starfsfólk skólanna, bæði meðstyttri fræðslufundum og einnig umfangsmeiri námskeiðum.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

2021 nr.86 22 júní.

1. kafli. Almenn ákvæði.

■ 1. gr. Markmið.

Lögum þessum er ætlað að stuðla að farsæld barna. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Við framkvæmd laga þessara skulu réttindi barna tryggð í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, einkum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Þeir sem bera ábyrgð samkvæmt lögum þessum skulu:

1. Fylgjast með velferð og farsæld barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu.
2. Bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og þörf krefur.
3. Hafa samráð sín á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.



Foreldrar og börn í Heklukoti hafa aðgang að tengilið í leikskólanum

Tengiliður hefur hagsmuni barns að leiðarljósi í samstarfi og samráði við foreldra og eftir atvikum barn.

Hlutverk tengiliðar er að:

- Veita upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns
- Aðstoða við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns
- Skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns
- Koma upplýsingum til sveitarfélags um þörf fyrir tilnefningu málstjóra þjónustu í þágu farsældar barns
- Taka þátt í starfi stuðningsteymis eftir því sem við við á

Tengiliður leikskólans er Rósa Hlín Óskarsdóttir, rosahlin@heklukot.is

Frekari upplýsingar er að finna á: farsaeldbarna.is



Viðaukar:

Dvalarsamningurinn

Dvalartími barns í leikskólanum er frá kl. _____ til kl. _____

Leikskólarnir innan byggðasamlagsins Odda bs starfa eftir lögum um leikskóla, skólanámskrá og aðalnámskrá sem menntamálaráðuneytið gefur út. Leikskólarnir starfa jafnframt eftir skólastefnu Ásahrepps og Rangárþings ytra en hún er framtíðarsýn og viljayfirlýsing hvað varðar allt starf og rekstur leik- og grunnskóla sveitarfélaganna.

Mikilvægt er að barnið mæti vel og stundvíslega í leikskólann. Boðið er upp á 4, 5, 6, 7 eða 8 stundir daglega og hægt er að kaupa auka korter fyrir framan og/eða aftan umsaminn tíma ef þörf er á. Ef foreldrar óska eftir breytingu á dvalartíma barnanna, sækja þeir um hana hjá leikskólastjóra. Breytingar á vistunartíma miðast við mánaðamót. Meginreglan er að breytingar á vistundartíma séu leyfilegar við upphaf skólaárs og um áramót. **Foreldrum er skylt að virða þann tíma sem barninu er úthlutað.** Barninu skal skila í hendur starfsfólks og starfsfólkið látið vita þegar barnið er sótt. Foreldrar eru beðnir að tilkynna ef barnið er fjarverandi t.d. vegna veikinda.

Dvalargjöld eru innheimt 1. virka dag hvers mánaðar. Greitt er fyrirfram og er eindagi 16. hvers mánaðar. Hafð gjald ekki verið greitt á eindaga leggjast á dráttarvextir. Skuldi foreldrar 3 mánuði er barninu sagt upp leikskólalássi. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 1 mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Leikskólastjóri gefur upplýsingar um gjaldskrá. Þótt barn sé fjarverandi greiða foreldrar fyrir plássíð.

Foreldrum er skylt að tilkynna leikskóla um breytingar á högum sínum, s.s. breytt heimilisfang, símanúmer (einnig vinnusíma) og breytta hjúskaparstöðu. Einstæðir foreldrar, námsmenn og öryrkjar greiða lægra gjald. Til að greiða lægra gjald þarf að framvísa vottorði tryggingastofnunar. Lækkun á gjaldi kemur til framkvæmda 1. næsta mánaðar. Barn missir ekki pláss fari foreldrar í sambúð, en greiða þarf herra gjald. Lögheimili og fast aðsetur í Rangárþingi ytra eða Ásahreppi er skilyrði fyrir leikskóladvöl barns. Farið er eftir upplýsingum um búsetu og hjúskaparstöðu forráðamanna eins og hún er í þjóðskrá. Heimilt er að taka inn börn frá nágrannasveitarfélögum gegn herra gjaldi skv. ákvörðun sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásahrepps ef rými og starfsmannafjöldi leikskólans leyfir. Leikskólatímum er úthlutað eftir reglum um forgang og eftir aldri barna.

Börn raðast á biðlista eftir aldri, þau elstu fyrst, nema sérstakar aðstæður mæli með að barn verði í forgangi.

1. forgangur:

Fötluð börn og börn með alvarleg þroskafrávik. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja með umsókn.

Börn starfsfólks leik- og grunnskólanna. Beiðni frá skólastjórum skal fylgja umsókn.

2. forgangur:

Börn sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi og börn með þroskafrávik. Erfiðleikar teljast t.d. barnaverndarmál, alvarleg veikindi eða fötlun hjá fjölskyldumeðlimum barnsins. Vottorð frá lækni eða sérfræðingi skal fylgja umsókn. **Börn með foreldra undir lögaldri, börn einstæðra forráðamanna með fleiri en eitt barn á framfæri, þrjúburar.**

Skipulagsdagar starfsfólks leikskólans eru 5 á ári og 1 Haustþingsdagur. Þá undirbúa starfsmenn faglegt starf leikskólans. Leikskólinn er lokaður þessa daga og eru samþykktir á skóladagatali skólans af fræðslunefnd. Barnið er slysatryggt í leikskólanum.

Starfsfólk er bundið þagnarskyldu.

Dags. _____

Undirskrift leikskólastjóra

Undirskrift forráðamanns



Skólaskil frá leikskólanum Heklukoti til leikskóla/grunnskóla

Nafn barns: _____	Kennitala: _____
Lögheimili: _____	Sveitarfélag: _____
Forráðamaður: _____	Lögheimili: _____
Forráðamaður: _____	Lögheimili: _____

Lýsing á núverandi stöðu barnsins

Félagsfærni og samskipti

- Á vini
- Sýnir sjálfstjórn
- Leitar eftir aðstoð ef upp kemur vandi
- Getur leyst vandamál sem upp koma
- Semur vel við önnur börn

Lýsing: _____

Að takast á við ný verkefni/aðstæður

- Tilbúin
- Varkár
- Þarf aðlöguntíma
- Fæst ekki til að reyna, óörygg/ur

Einbeiting og úthald við verkefni

- Mjög gott
- Gott
- Þarf að efla

Lýsing: _____

Að taka fyrirmælum

- Gengur vel einstaklingslega
- Gengur vel í hóp
- Þarf að efla

Lýsing: _____

Sjálfbjarga á salerni

- Já
- Nei

Hreyfifærni

Grófhreyfingar

- Góðar
- Þarf að efla

Fínhreyfingar

- Góðar
- Þarf að efla

Lýsing: _____

MOT – hreyfipróf

Færni með skæri

- Góð
- Þarf að efla

Lýsing: _____



Orðaskil

TRAS

Styrkleikar

Veikleikar

Aðrar athugasemdir/ábendingar

Hljóm-2

Dags prófað: _____

Færni: _____

Seinni fyrirögn

Dags prófað: _____

Færni: _____

Veitt sérkennsla vegna

- Frávika í hreyfingroska
- Félagslegra samskipa eða hegðunar
- Líkamlegrar fötlunar
- Frávika í vitsmunaproska
- Mál- eða talörðuleika

Lýsing: _____

Hefur fengið þjálfun utan leikskóla

- Iðjuþjálfun
- Sjúkraþjálfun
- Talþjálfun

Athugasemdir sérfræðinga

- Sérkennslustjóra
- Sálfræðings
- Talmeinafræðings
- Iðjuþjálfar
- Barnalæknis/heilsugæslu
- Ráðgjafa- og greiningastöð ríkisins
- HTÍ
- BUGL
- Öðrum, þá
hverjum? _____

Staður og dagsetning

Undirskrift leikskólastjóra
Undirskrift deildarstjóra



Nr. 896/2009

Reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla

6. gr. *Miðlun upplýsinga.*

Um miðlun persónuupplýsinga sem fyrir liggja um hvert einstakt barn í leikskóla og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla fer, auk fyrirmæla reglugerðar þessarar, samkvæmt 3. mgr. 16. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Við flutning barns milli leikskóla og úr leikskóla í grunnskóla skal leikskólustjóri þess leikskóla sem barnið var í sjá til þess að nauðsynlegar persónuupplýsingar um barnið flytjist með tryggum og öruggum hætti til viðtökuskóla. Ef upplýsingar um viðtökuskóla liggja ekki fyrir verða gögnin ekki send fyrir en beiðni viðtökuskóla hefur borist.

Leikskólustjóri eða þar til bær sérfræðingur af hálfu sveitarfélags, samkvæmt nánari ákvörðun nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um leikskóla, leggur mat á nauðsyn upplýsinga vegna fyrirhugaðrar skólagöngu barns í grunnskóla og ber ábyrgð á miðlun þeirra til hlutaðeigandi grunnskóla.

Leikskólustjóra ber að gera foreldrum grein fyrir hvaða upplýsingar fylgja barni á milli leikskóla eða í grunnskóla og um rétt foreldra til að fá vitneskju um slíkar upplýsingar. Í skólanámskrá hvers leikskóla skal tilgreina hvaða upplýsingar skulu fylgja barni á milli leikskóla eða í grunnskóla.

Barnaverndarlög nr.80/2002 17. gr.

■ 17. gr. *Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.*

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna eða barnshafandi einstaklinga ¹⁾ og verður var við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. er skylt að tilkynna það [barnaverndarþjónustu. ³⁾

Sérstaklega er leikskólustjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólustjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum, náms- og starfsráðgjöfum] ³⁾ og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarþjónustu ²⁾ viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Saga leikskólans

Á borgarafundi á Hellu þann 28. júlí 1973 benti Anna Margrét Jafetsdóttir á að brýnt væri að koma upp barnaheimili eða barnagæslu. Kvenfélag Oddakirkju stóð að rekstri leikskóla sumarið 1974 hálfan daginn í skólanum. Sumarið 1975 sá hreppurinn um reksturinn, sem og sumarið 1976. Það sumar byrjaði Sólveig Stolzenwald að starfa við gæslu barnanna í fullu starfi. Var hún með 25 börn í skólahúsnæðinu og eina 13 ára stúlku, Önnu Steinþórsdóttur, sér til aðstoðar. Voru þá 11 konur búnar að biðja Sólveigu að gæta barna sinna sem varð til þess að hún fór á fund sveitastjórans, Jóns Gauta Jónssonar. Úr varð að ákveðið var að reka leikskóla allt árið að Nestúni 5. Var þetta gert með þeim fyrirvara að hreppurinn þyrfti ekki að greiða með rekstrinum. Lítið var um leikföng svo Sólveig fór meðal annars í fyrirtæki til að afla þeirra ásamt foreldrum. 1977 var stofnað foreldrafélag barna á dagheimilinu.

Mikill styr stóð um rekstur leikskólans fyrstu árin. Meirihluti hreppsnefndar taldi að reksturinn ætti að standa undir sér og að nóg væri að hreppurinn legði fram húsnæði. Í framhaldi af því voru gjöld hækkuð verulega haustið 1977, og urðu til að mynda talsvert hærri en á sambærilegum stofnunum í Reykjavík. Málamiðlun náðist og hreppurinn tók þátt í kostnaðinum við reksturinn eins og varð almenn regla á þessum árum.

Í byrjun árs 1984 var samþykkt að byggja leikskóla á horni Þrúðvangs og Útskála. Þeirri byggingu var lokið haustið 1989, fyrir 36 börn á tveimur deildum. 2008 var þriðju deildinni bætt við. Árið 1991 var tekinn upp 25 % systkinaafsláttur, það ár voru í leikskólanum 28 börn fyrir hádegi og 19 börn eftir hádegi.

Haustið 1992 var leikskólinn opinn í hádeginu til reynslu, í 3 mánuði. Skilyrði var að börnin kæmu með nesti.

Í byrjun 1997 efndi foreldrafélag leikskólans á Hellu til samkeppni um nafn á skólann. Valin var tillaga Svövu Þorsteinsdóttur kennara, Heklukot. Haustið 2006 var að auki tekið í notkun fyrir leikskólann húsið við Útskála I og var hægt að taka á móti 23 börnum. 2019 var fimmtu deildinni bætt við í húsnæði á horninu á Þrúðvangi, beint á móti leikskólabyggingunni.

Stefnan er að byggja nýjan 6-8 deilda leikskóla samhliða endurnýjun grunnskólans á Hellu og einnig tónlistarskólans. Opnun nýs leikskóla er áætluð árið 2027.



Handbók þessi inniheldur grunnupplýsingar um leikskólann, hún er í stöðugri endurskoðun. Ef eitthvað er óljóst þá er ykkur velkomið að hafa samband við kennara skólans.

Ingigerður Stefánsdóttir, leikskólastjóri.